



Fréttatilkynning  
frá  
skrifstofu forseta Íslands

## FORSETI EISTLANDS Í OPINBERA HEIMSÓKN TIL ÍSLANDS

Opinber heimsókn forseta Eistlands, Arnold Rüütel og eiginkonu hans Ingrid Rüütel hefst á morgun, þriðjudaginn 4. maí. Í fylgdarliði forsetahjónanna eru ráðherrar úr ríkisstjórn Eistlands, embættismenn og áhrifamenn úr eistnesku viðskiptalífi.

Heimsóknin hefst með hátíðlegri athöfn á Bessastöðum kl. 9:10 að morgni þriðjudagsins að viðstaddri ríkisstjórn Íslands og handhöfum forsetavalds.

Að loknum viðræðum forseta Eistlands og forseta Íslands munu þeir halda sameiginlegan blaðamannafund á Bessastöðum. Í kjölfar fundarins hefst málþing á Bessastöðum um banka á tímum alþjóðavæðingar með hliðsjón af tengslum Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna þrigga. Frummælandi á málþinginu er Jón Sigurðsson bankastjóri Norræna fjárfestingarbankans en auk hans flytja erindi Andres Sutt aðstoðarseðlabankastjóri Eistlands, Bjarni Ármannsson forstjóri Íslandsbanka, Brynjólfur Helgason framkvæmdastjóri alþjóðasviðs og staðgengill bankastjóra Landsbankans og Sigurður Einarsson stjórnarformaður KB banka.

Í hádeginu á þriðjudag liggur leið hinna eistnesku gesta í Höfða þar sem þeir sitja hádegisverð í boði Þórólfs Árnasonar borgarstjóra og eiginkonu hans Margrétar Baldursdóttur. Þaðan er haldið í Þjóðmenningarhúsið þar sem Vésteinn Ólason forstöðumaður Árnastofnunar gengur með gestum um handritasýninguna.

Síðdegis halda forseti Eistlands og fylgdarlið í Alþingishúsið þar sem Halldór Blöndal forseti Alþingis tekur á móti þeim. Í þinghúsinu verður fundur eistnesku sendinefndarinnar með formönnum fjögurra þingflokka og fulltrúum úr forsætisnefnd, utanríkismálanefnd og sjávarútvegsnefnd.

Miðvikudaginn 5. maí mun forseti Eistlands eiga viðræður við Davíð Oddsson forsætisráðherra. Þá mun forsetinn heimsækja Heiðarbæ 1 í Þingvallasveit (Bláskógabyggð) þar sem hjónin Jóhannes Sveinbjörnsson og Ólöf Björg Einarsdóttir kynna búskap í miðjum sauðburði. Eftir að forsetinn hefur gróðursett tré í Vinaskógi verður haldið að Almagnagjá og gengið þaðan að bústað forsætisráðherra þar sem snæddur verður hádegisverður í boði Davíðs Oddssonar forsætisráðherra og Ástríður Thorarensen eiginkonu hans.

Síðdegis miðvikudaginn 5. maí munu forsetahjónin og fylgdarlið þeirra halda til Hveragerðis. Þar taka bæjarstjóri og bæjarstjórn á mótí hinum eistnesku gestum við heita hverí í miðjum bænum. Þaðan er haldið í Garðyrkjuskóla ríkisins þar sem Sveinn Aðalsteinsson rektor segir frá starfsemi skólans. Í Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands tekur Kristján G. Guðmundsson yfirlæknir á mótí forsetahjónunum og fylgdarliði þeirra og kynnir þeim starfsemi heilsuhælisins.

Að kvöldi miðvikudagsins 5. maí bjóða eistnesku forsetahjónin til tónleika eistnesku þjóðlagasveitarinnar Wirbel í Salnum í Kópavogi og móttöku í Gerðarsafni að tónleikunum loknum.

Forseti Eistlands og fylgdarlið halda af landi brott að morgni fimmtudagsins 6. maí.

3. maí 2004

Meðfylgjandi er dagskrá heimsóknarinnar

(Nánari upplýsingar veita Skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Stefán L. Stefánsson forsetaritari (894 1369 og Örnólfur Thorsson skrifstofustjóri (896 3028)